



 Leikskólinn  
HOLT 



## Velkomin í leikskólann Holt

Á Holti er lögð áhersla á að byggja upp þroskandi og öruggan vinnustað þar sem barnið er í brennidepli. Við leggjum áherslu á að hver einstaklingur fái notið leikskóladvalarinnar á uppbyggilegan hátt og fái að njóta sín í sköpun og þekkingarleit. Við leggjum mikið upp úr jákvæðum og góðum samskiptum við börn, foreldra og kennara. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann til að fylgjast með barni sínu og kynnast leikskólstarfinu.

Þarfir barnsins eru hafðar í fyrirrúmi. Við viljum að lærdómsleit liti alla starfsemi, að börn, foreldrar og kennarar séu allir þátttakendur í lærdómsferlinu. Við höfum það hugfast að börnin hafa meðfædda hæfileika til að læra út frá eigin reynslu en það erum við fullorðna fólkið sem sköpum aðstæðurnar. Við vinnum að félagslegum þroska barnsins, sjálfstæði og sjálfsmati.

Í þessum bæklingi getur þú lesið meira um það hvernig við vinnum, og hvað okkur finnst mikilvægt. Hafðu gjarnan samband ef þú vilt vita meira eða heimsækja okkur.

Með kveðju,

**Kristín Helgadóttir**  
Leikskólastjóri Holti



Reykjanesbær er rekstraraðili leikskólans. Leikskólafulltrúi er yfirmaður leikskólamála. Í Reykjanesbæ eru starfandi tíu leikskólar. Leikskólinn stendur í Innri Njarðvík.



## Svona vinnum við

Út frá hugmyndafræði Reggio Emilia notum við listræna sköpun sem útgangspunkt. Sköpunin býður upp á innsæi, upplifun og skilning. Í sköpun felst ýmislegt eins og að upplifa liti, form, tónlist, hreyfingu og takt.

Viðhorf okkar til barnanna einkennist af trú okkar á barnið sem getumikinn einstakling. Við höfum trú á hæfileikum barnsins og vilja þess til að læra. Hlutverk okkar er að nýta okkur forvitni barnsins. Sem kennarar erum við þátttakendur í samvinnu við börnin, við erum stuðningur þeirra og fyrirmyndir. Við uppgötuum, rannsökum, spyrjum spurninga og leitum að lausnum með börnunum.

Pegar börn eru að kanna umheiminn nota þau öll skilningarvit og hreyfifærni. Við gerum þeim kleift að vinna úr og fá útrás fyrir upplifanir og reynslu. Við styðjum þau í að skilja veruleikann. Með því að vinna með alls konar sköpun geta börnin, burtséð frá aldri, þroska og persónuleika, fundið leið til að tjá sig á sínum forsendum. Vinnuaðferðir okkar endurnýjast og þróast út frá þörfum og áhuga barnanna.

Í starfi okkar eru grunnþættir menntunnar sem koma fram í aðalnámskra leikskóla lagðir til grundvallar. Grunnþættirnir eru: Læsi, Sjálfbærni, Heilbrigði og velferð, Lýðræði og mannréttindi, Jafnrétti og Sköpun.





## Stefna leikskólans / einkunnarorðin

### Gleði

Í vinnu okkar er gleði ásamt öryggi, forsenda þess að börnin læri. Auðveldast er að meðtaka þekkingu þegar umhverfið er jákvætt og viðurkennandi, í gegnum leik og félagslegt samspil þar sem áhugi, kímniþáfa og ímyndunarafl endurspeglast í andrúmsloftinu.

### Virðing

Í starfi okkar er virðing borin fyrir hverjum einstaklingi og hans skoðunum. Fjölbreytileiki einstaklinganna auðgar starfið. Allir eiga möguleika á að taka þátt í að móta og hafa áhrif á sinn eigin þroska. Sameiginlegum viðmiðum og reglum er fylgt eftir og allir eru samábyrgir.

### Sköpun

Í örvandi umhverfi fá börnin tækifæri til að vera skapandi og allir fá að leita svara. Í jákvæðu andrúmslofti er ekkert rétt eða rangt, þar sem forvitni allra fær að njóta sín.

### Þekkingarleit

Í starfi okkar vinna börnin saman að þekkingarleit það gerum við í gegnum leikinn, með því að rannsaka, skapa og íhuga. Við hlúum að reynslu annarra og öðlumst um leið nýja þekkingu.



## Könnunaraðferðin

Í leikskólanum vinnum við samkvæmt könnunaraðferðinni þar sem stuðst er við hugmyndir barnanna. Í samvinnu við börnin ákveður kennari viðfangsefni út frá áhugasviði og getu. Viðfangsefnin taka mismunandi langan tíma og gera börnunum kleift að kafa dýpra í ákveðin verkefni.

Í vinnu við viðfangsefni er unnið með námsþætti sem getið er um í aðalnámskrá leikskóla auk einkunnarorða leikskólans sem getið er um hér að framan.

Hlutverk kennarans er að halda utan um vinnuna og bjóða upp á ögrandi efnivið, aðferðir og umhverfi. Við skiptum börnunum niður í litla hópa svo þau geti fundið sína eigin leið til að tjá sig. Við veitum athygli því sem börnin sjá, gera, upplifa og hugsa, með því vinna börnin nýja sigra.



## Útinám

Umhverfi leikskólans er afar skemmtilegt og býður upp á áhugaverða möguleika hvað varðar útvíst og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur. Farið er í göngu- og vettvangsferðir reglulega og við skoðum þá fjöruna, fuglalífíð og náttúruna. Lögð er áhersla á fræðslu um náttúruna og fyrirbæri hennar t.d. veður, árstíðir, dýralíf og náttúruvernd. Við kennum börnunum að meta fegurð náttúrunnar og bera virðingu fyrir henni. Börnin safna ýmsum hlutum svo sem steinum, laufblöðum og skordýrum sem síðan er skoðað í smásjá eða víðsjá eða nýtt í skapandi starfi eða leik þegar heim er komið.

Á útikennsluvæðinu okkar vinnum við með lífbreytileika, fylgjumst með breytingum á umhverfi, lífríki og veðri eftir árstíðum. Í gönguferðum gefast einnig tækifæri til að hlusta á hin ýmsu hljóð úr náttúrunni sem við tengjum jafnvel við vinnuna í tónlistinni. Leikskólinn er grænfánaskóli sem er viðurkenning Landverndar á því að unnið sé að umhverfisverndarmálum með nemendum skólans.



## Læsi

*Læsi er þróunarferli sem hefst í frumbersku og heldur áfram allt lífið*

### **Góður málproski er undirstaða lestrarnáms**

Lestur byggist á færni í móðurmálinu og því má segja að undirbúningur lestrarnáms hefjist strax á fyrstu ævimánuðum barnsins eða um leið og það fer að gefa gaum að hljóðum í umhverfi sínu og byggja upp eigið mál og málvitund. Því betri málproska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám. Í þessu sambandi skiptir miklu:

- næmi fyrir hljóðum tungumálsins
- orðaforði, málskilningur og máltjáning

Á Holti leggjum við áherslu á að talað sé gott og vandað mál. Við gerum ritmálið sýnilegt með því að merkja ýmsa staði eins og hólf barnanna, skápa, glugga, hurðir og höfum miða með nöfnum barnanna í leik. Málörvun er eins og rauður þráður í gegnum allt starfið, í öllum samskiptum er meðvituð og ómeðvituð málrækt í gangi.

Bækur eru hluti af menningararfi okkar. Á Holti leggjum við mikið upp úr lestri og vinnu með bækur. Mikið er til af bókum í leikskólanum og einnig er gott samstarf við bókasafn Reykjanesbæjar.







## Listsköpun

Samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia er lögð mikil áhersla á listsköpun. Með listsköpun finna börn nýja leið til að tjá sig og þannig myndast mótvægi við hið talaða mál.

## Tónlist

Á Holti er starfandi tónlistarkennari, börnin fara í tónlistartíma í litlum hópum. Í tónlistinni leggjum við áherslu á sköpun, hryn, takt, tónlistarhugtök og heiti hljóðfæra. Við syngjum mikið og leggjum áherslu á gleði í tónlistinni eins og í öllu leikskólalstarfinu.

## Myndlist

Hjá okkur á Holti gegnir listasmiðjan mikilvægu hlutverki í leikskólalstarfinu. Þar fer fram uppgötvunarnám þar sem börn kynnast litablöndun, formfræði og meðhöndlun á hinum ýmsu efnum. Í listasmiðjunni er allur efniviður sýnilegur í hæð barnanna þannig hafa þau aðgang að því sem þau þarfnast í listsköpun sína. Einnig er unnið að stórum hópverkefnum þar fá börn á mismunandi aldri að vinna saman, læra hvert af öðru og tækifæri til að kanna eigin þekkingu.



## Skráningar

Skráningar gera þróun sýnilega og eru sjálfsagður hluti af starfinu. Við vinnum með skráningar bæði í myndaformi og ritmáli fyrir börn, kennara og foreldra. Í skráningar-  
möppur safnast saman skráningar sem sýna fram á þróun t.d. sköpun barnanna, ljósmyndir og viðtöl. Með því að sýna fram á þróun og aukna þekkingu barna og kennara fá foreldrar innsýn í daglegt starf barnanna. Barnið fær tækifæri til að rifja upp, velta fyrir sér og verður þannig meðvitaðra um eigið þekkingarferli.

## Samvinna

Við leggjum áherslu á að eiga jákvæð og góð samskipti við foreldra. Markmiðið er að hlúa að hverjum einstaklingi í samvinnu við heimilin, við höfum þá trú að foreldrar þekki barn sitt best. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann til skrafs og ráðgerða og til að taka þátt í leikskólastarfinu.

Við byggjum á því viðhorfi til barnsins að hinn fullorðni beri virðingu fyrir barninu og líti á það sem sterkan einstakling sem hefur mikið fram að færa.



## Skólasöngur

Á Holti alltaf gaman er  
það frábært er að heyra  
börnin leika tónlist hér  
og læra mikið fleira.



Holt er besti leikskólinn.  
Holt með barnahópin sinn.  
Á Holti ætíð gleði finn,  
Já, þar er vinur minn.



Hér náttúran í blóma er  
Með tjarnir tún og fjörur.  
Þá birtist frísklegt barnager  
Með söng og spunasögur.

Höf: Sigurbjört Kristjánsdóttir.





Stapagötu 10, 260 Reykjanesbæ

**Sími:** 4216100 | **GSM:** 8996104

**Netfang:** [holt@leikskolinnholt.is](mailto:holt@leikskolinnholt.is)

**Veffang:** <http://reykjanesbaer.is/holt>